



# Menntaskólinn í Reykjavík

Kennsluáætlun: Enska 6. bekkur málabrautar vorönn 2025 – ENSK4BM12

Kennarar: Hilmar Guðlaugsson og Sigga Aðils

**Markmið:** Að nemendur

- geti lesið ýmiss konar fræðitexta á ensku
- geti lesið bókmenntir frá ýmsum tímum allt frá 15. öld
- geti tjáð sig á ensku, munnlega og skriflega, um fræðileg efni og bókmenntir
- efli hlustunarskilning
- geti tjáð sig um dagleg málefni og þjálfist í því að tjá munnlega óhlutbundna hugsun, m.a. í tengslum við námsefni
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les og gert útdrætti úr lesnu efni.

**Kennslugögn:**

Lesið vandlega til orðskýringa:

- **Leskaflar:** Enskir leskaflar fyrir **6. bekk málabrautar** (fjölrit MR): kaflar 7-11 og mögulega fleiri sem verða kynntir síðar.

Lesið efnislega:

**Smásögur:** Enskar smásögur handa **6. bekk** (fjölrit MR): *Small Avalanches, Dream of a Strange Land, The Shawl, Everyday Use, My Son the Fanatic* og *The Ones Who Walk Away from Omelas, The Yellow Wallpaper*.

- Klára Ljóðahefti
- Leikrit: *Death of a Salesman* (Arthur Miller)
- Skrifleg og munnleg verkefni
- **Oral Presentation**, framhald. Sjö til tíu mínútna kynning með ítarefni.

**Námsmat:**

**Vorpróf:** Skriflegt próf í 90 mínútur (60% af einkunn) og munnlegt próf (40% af einkunn).

**Námseinkunn:** byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum á námstíma og skiptist þannig í lok skólaárs:

Kjörbókarritgerð - 15%; *Death of a Salesman* - 15%; *Macbeth* 15%; Orðaforðaæfingar 15%; Málsaga 10%; Fyrirlestur – 10%; Ástundun – 20%

**Athugið:** Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi bókarlaus eða án heimanáms ítrekað skal vísa honum úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.